

130 fremur skal hún safna saman öllu því, sem skrifað er um áfengis- og bindindismál á 22. okt. íslenzku, og eiga bréfaviðskipti við erlend bindindissamtök, sem Íslendingar eiga aðild að.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 28. gr. laga nr. 58 1954.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 22. október 1954.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

131  
23. okt.

## G J A L D S K R Á

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

### I. RAFORKA

Rafmagnsveita Reykjavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

Þar, sem raforkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 2.25 aura hver kwst.
2. Um hemil eða hemil-mæli á 280 kr. hvert árshektó Watt, og skal hemilstillingin ávallt standa á heilu hw. og bil milli tveggja stillinga eigi vera minna en 10% hinnar hærri. Umframnotkun skal seld samkv. gjaldskrárlið A. 1.  
Samkvæmt þessum lið má selja útiljós, enda þótt mælitækjum verði ekki við komið.
3. Um kwst.mæli á 56 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 280 kr. á ári fyrir allt að 25 m<sup>2</sup> gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og 8.30 kr. fyrir hvern m<sup>2</sup> umfram 25 m<sup>2</sup>. Fullt flatargjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal deila fermetragjaldinu með 3.5.
4. Á 220 kr. fyrir hver kw. og öll notkunin á 56 aura kwst., ef um meir en 2.5 kw. afl er að ræða, og notkunartíminn er meiri en 600 klst. á ári. Verði ekki aflmælingu við komið undir þessum gjaldskrárlið, skal reikna 15 wött á hvern fermetra gólfplatarmáls.

#### B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um tvenna kwst.mæla, annan til ljósa en hinn til heimilisvéla. Um ljósamælinn reiknast ljósagjald samkv. A. 1, á hinn mælinn 56 aurar á kwst. Þennan gjaldskrárlið má einnig nota fyrir skrifstofur, verzlanir og verkstæði, en þó ekki fyrir 3-fasa hreyfla.
2. Um einn kwst.mæli á 50 aura hver kwst., og auk þess fastagjald, kr. 48.00 á ári af hverju íbúðarherbergi heimilisins.  
Eftir þessum gjaldskrárlið má selja rafmagn til suðu til veitingahúsa, gisti-húsa og annarra slíkra staða, sem ekki verða talin heimili, enda sé þá rafmagnið selt um sérmæli, og leiga goldin af sérmælinum, en herbergjagjald ekki reiknað.  
Selja má og til súgþurrkunar á heyi samkvæmt þessum gjaldskrárlið.
3. Um hemilmæla 1700 kr. hvert árskw. og auk þess 46 aura á kwst. fyrir umframnotkun. Hemilstillingin skal vera minnst 500 wött, að viðbættum 100 wöttum fyrir hvert íbúðarherbergi fram yfir tvö.

Pennan gjaldskrárlið, B. 3, má einnig nota fyrir skrifstofur, verzanir og verkstæði, þó eigi fyrir 3-fasa hreyfla, og skal þá miða stillingu hemilsins við 500 wött fyrir fyrstu 25 m<sup>2</sup> gólfflatar eða minna, og síðan 100 wött fyrir hverja 12 m<sup>2</sup> eða minna, og skal reiknaður út eftir sömu reglum og settar eru fyrir gjaldskrárlið A. 3. 131  
23. okt.

#### Reglur um útreikning herbergja.

Í útreikningi á fjölda herbergja í íbúð, skal aðeins telja stofur og svefnherbergi o. þ. h., en ekki eldhús. Herbergi minna en 5 m<sup>2</sup> skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup> má reikna með þeirri meðalstærð. Þegar heildartala herbergja hefur verið reiknuð út samkvæmt þessu, skal hún hækkuð upp í heila næstu tölu, ef stendur á hálfu.

#### C. Vélar.

Þar sem raforka er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

- Um kwst.mæli á 100 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá 185 til 220 kr. á hvert uppsett kw. vélanna. Sé um meira en 5 kw.-afl að ræða og notkunartíminn er meiri en 500 klst. má veita afslátt á þeirri notkun, og reikna gjaldið þannig:  
50 000 kwst. á 65 aura hver kwst. og notkunin umfram það á 48 aura hver kwst.
- Um mestu-mæla fyrir mesta notað afl, ef um meir en 5 kw. afl er að ræða og notkunin er meir en 500 klst. á árinu, þannig:

300 kr. á árskw. fyrir	fyrstu	50 kw.
250 — — — —	næstu	50 —
200 — — — —	umfram	100 —

Og auk þess skal greiða kwst.gjald, er reiknast þannig:

Fyrstu	200 000 kwst. ársnotkun á 15 aura hver kwst.
Umfram	200 000 — — — 11 — — —

- Um hemilmæla á 1100 kr. árskw. og 55 aura á kwst. öll umframnotkun. Rafmagnsstjóri ákveður stillingu hemilmælisins í hvert skipti í hlutfalli við vélaaflið.  
Pennan gjaldskrárlið má einnig nota til hitunar í iðnaði.  
*Ath.* Þeir notendur, sem haft hafa gjaldskrárlið C. 4, færast yfir á C. 1, nema þeim henti betur aðrir liðir.

#### D. Hitun.

- Um kwst.mæli á 24 aura á kwst., enda sé þá minnsta notkun 10 000 kwst. á ári.
- Um kwst.mæli á 20 aura á kwst., ef straumur er rofinn með klukkurofa frá kl. 10:45 til 12:00, og frá kl. 18:30 til 19:45. Sameina má þennan gjaldskrárlið B. 2, enda skal þá talið á B. 2-lið 1500 kwst. notkun fyrir eins herbergis íbúðir og 600 kwst. að auki fyrir hvert herbergi, sem þar er fram yfir, allt að 3900 kwst. á ári. Selja má rafmagn samkvæmt þessum gjaldskrárlið og þá án klukkurofa, þar sem umframnotkunin fer til neytluvatnshitunar, stærri kælilefa og á vatnsdælur til heimilisþarfa.
- Um kwst.mæli á 14 aura á kwst., ef straumurinn er rofinn með klukkurofa, frá kl. 10 til 12 og 2 klst. á tímanum frá kl. 17 til 21.

- 131 4. Um kwst.mæli á 9 aura á kwst., ef straumurinn er rofinn með klukkurofa frá 23. okt. kl. 8 til 23, enda séu nægilega stórir hitageymar settir upp fyrir dagnotkunina. Þegar um er að ræða hitun á húsrúmi, sem er yfir 2000 m<sup>3</sup> að stærð eða aðra hliðstæða notkun að afli, er heimilt að láta í té straum á tímanum 12:30 til 15:30, ef þörf gerist.
5. Um tvígjaldsmæla á 12 aura kwst. frá kl. 23 til 8, og 50 aura hver kwst. frá kl. 8 til kl. 23.

Selja má raforkuna samkvæmt þessum lið til véla, ef um meira en 5 kw.afll er að ræða, og notkunartíminn meiri en 500 klst. á ári, ef straumur er rofinn af lögninni með klukkurofa, frá kl. 10:45 til kl. 12

#### *Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

- Að vélaafll, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafmagnsstjóra.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa og greiði leigu fyrir hann samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum Rafmagnsveitunnar, ofnar fastengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

#### **E.**

Þegar sérstaklega stendur á, má rafmagnsstjóri selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki bæjarráðs.

#### **F.**

Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögum bæjarráðs.

#### **G.**

Fyrir hver full 10 stig, sem kaupgjaldsvisitala Hagstofu Íslands hækkar eða lækkar frá 155 stigum, er heimilt að hækka eða lækka raforkureikninga Rafmagnsveitunnar um 6%. Telji bæjarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni heimilt, sem einn lið í þeirri ráðstöfun, að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun í hverjum gjaldskrárlíð um allt að 10-földu verði. Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

## **II. MÆLALÆIGA**

Rafmagnsstjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

Tegund mælitækis:	Upp að 30 amp.	Ársleiga í kr.		
		35—50 amp.	55—100 amp.	Yfir 100 amp.
Einfasa kwst.mælar, hemilmælar, hemlar og lausar skiptiklukkur einar sér ....	27			
Þrífasa kwst.mælar, þrífasa hemilmælar, einfasa frádráttarmælar, lausir .....	60	90	120	200
Tvígjaldsmælar, mestumælar .....	90	120	180	300

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafmagnsstjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. OPNUNARGJALD OG TENGIGJÖLD

131

- a. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun, 25 krónur.
- b. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 25 krónu gjald á skrifstofu Rafmagnsveitunnar.
- c. Fyrir skoðun á raflögn við úttekt skal greiða tengingargjald, er reiknast þannig:
1. Nýjar veitur: Fast gjald ..... kr. 12.00  
og auk þess á hverja grein ..... — 4.00
  2. Breyttar veitur: Fast gjald ..... — 8.00  
og auk þess á breytta grein ..... — 2.00  
og auk þess á nýja grein ..... — 4.00

Fyrir endurskoðun skal greiða tvöfalt gjald.

Fyrir smávægilegar breytingar, þegar ekki er um að ræða aukningar, má sleppa fastagjaldi.

## IV. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugagjöld innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur skal miða við rúmmál húsa á þann hátt, sem hér segir:

Rúmmála húsa í teningsmetrum:	Heimtaugagjöld:	
	Jarðstrengur	Loftlína
Allt að 239 .....	kr. 720.00	kr. 300.00
240 — 299 .....	— 960.00	— 400.00
300 — 359 .....	— 1080.00	— 560.00
360 — 419 .....	— 1200.00	— 700.00
420 — 469 .....	— 1320.00	— 800.00
470 — 519 .....	— 1540.00	— 880.00
520 — (559) .....	— 1640.00	— 940.00
560 — 599 .....	— 1640.00	— 1000.00
600 — 679 .....	— 1820.00	— 1100.00
680 — 749 .....	— 2000.00	— 1200.00
750 — 889 .....	— 2220.00	— 1300.00
890 — 1019 .....	— 2400.00	— 1400.00
1020 — 1139 .....	— 2540.00	— 1500.00
1140 — 1249 .....	— 2640.00	— 1580.00
1250 — 1349 .....	— 2740.00	— 1660.00
1350 — 1449 .....	— 2810.00	— 1740.00
1450 — 1549 .....	— 2880.00	— 1800.00
1550 — 1799 .....	— 3000.00	— 1900.00
1800 — 1999 .....	— 3120.00	— 2000.00
2000 — 2399 .....	— 3360.00	— 2100.00
2400 — 2799 .....	— 3600.00	— 2200.00
2800 — 3199 .....	— 3840.00	
3200 — 3599 .....	— 4080.00	
3600 — 3999 .....	— 4320.00	
4000 — 4399 .....	— 4560.00	
4400 — 4699 .....	— 4800.00	

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m eða lofattaugar fram úr 40 m, skal húseigandi kosta það, sem fer yfir. Standi sérstaklega á eða séu sérstakir

**131** örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, 23. okt. en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Standi sérstaklega á, er rafmagnsstjóra heimilt að semja um heimtaugargjaldið við húseiganda.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 3 16. janúar 1952.

*Atvinnumálaráðuneytið, 23. október 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

**132**

27. okt.

## AUGLÝSING

um staðfestingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Keflavíkurkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1949, um heilbrigðissamþykktir, er hér með staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Keflavíkurkaupstað, sem bæjarstjórn kaupstaðarins hefur samþykkt.

### HEILBRIGÐISSAMÞYKKT FYRIR KEFLAVÍKURKAUPSTAÐ

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Keflavíkurkaupstaðar.

##### 2. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa 5 menn. Bæjarfógeti og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er bæjarfógeti formaður hennar. Hinir nefndarmennirnir eru kosnir af bæjarstjórn.

##### 3. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á, að ákvæði samþykktar þessarar séu haldin, svo og önnur ákvæði laga og reglugerða, sem að almennum þrifnaðar- og heilbrigðis- háttum lúta. Hún ákveður starfssvið heilbrigðisfulltrúa, þegar hann verður skipaður, með erindisbréfi, enda komi samþykki bæjarstjórnar til.

Heilbrigðisfulltrúi tekur laun úr bæjarsjóði, en lýtur að öðru leyti heilbrigðisnefnd og héraðslækni.

##### 4. gr.

Formaður kveður nefndina til funda, svo oft sem honum þykir við þurfa og að jafnaði ekki sjaldnar en 4 sinnum á ári. Hann er skyldur að kveðja nefndina á fund, þegar einn nefndarmanna óskar þess.

Heilbrigðisfulltrúi skal mæta á fundum nefndarinnar, enda séu honum boðaðir fundirnir.